



**HAUST**  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

12. júní 2023

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

### **Oddskað færsla á skíðalyftu, umsögn um greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu**

Með tölvupósti dags. 16. maí sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands á því hvort og þá á hvaða forsendum fyrirhuguð færsla á skíðalyftu í Oddskaði skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Til grundvallar var greinargerð frá verkfræðistofunni Eflu dagsett 9. maí 2023 í henni kemur fram að til standi að færa byrjendalyftu á skíðasvæðinu í Oddskaði út fyrir snjóflóðahættusvæði. Auk þess verða bílastæði stækkuð og fjarlægja eigi veg um Oddskað sem staðsettur er inni á skíðasvæðinu. Undirrituð hefur f.h. Heilbrigðisnefndar kynnt sér greinargerðina og efni hennar.

Starfsemi skíðasvæða er starfsleyfis skyld skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti m.s.br. og því háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands.

*Að framansögðu og með hliðsjón af eðli framkvæmdarinnar, umfangi hennar og staðsetningar og að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er það mat Heilbrigðisnefndar Austurlands að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.*

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands  
Bakka 1 765 Djúpvaggi

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Djúpivogur, 21. júní 2023  
MÍ202305-0155/ 6.07 / Þ.E.H.

## Efni: Færsla á skíðalyftu við Oddskarð, Fjarðabyggð - fyrirspurn um matskyldu

Minjastofnun Íslands hefur móttekið tölvubréf Skipulagsstofnunar frá 16. maí 2023 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Meðfylgjandi var greinargerð, dags. 09.05.2023.

Framkvæmdin fellur undir flokk B í lögum 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.

Skíðasvæðið við Oddskarð hefur verið í notkun til skíðaiðkunar og er svæðið í dag fjölsótt en fyrsta skíðalyftan var þar tekin í notkun árið 1980. Með nýju deiliskipulagi skíðasvæðisins, sem var samþykkt í mars 2023, er stærsta breytingin sem þar er lögð fram sú að færa byrjendalyftu svæðisins til enda er hún innan snjóflóðahættusvæði. Lagt er til að hún sé færð og liggi í austur-suður stefnu en með því er hún samsíða öðrum lyftum á svæðinu. Svæðið er skilgreint sem íþróttasvæði í núgildandi aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040. Svæðið rammast inn af frekar bröttum, óstöðugum og misgrýttum hlíðum. Svartafjalla, Magnúsartindur, Goðatindur og Sellátratindur umlykja svæðið og er landhæð þess á bilinu 510-840 m.y.s. Heildargróðurþekja þess er lítil.

Í kafla 4 er fjallað um helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og þar á meðal eru fornminjar. Í kafla 4.5 kemur það fram að minjavörður Austurlands hafi ekki talið þörf á frekari skráningu svæðisins og telur því framkvæmdaraðili áhrif á minjar vegna framkvæmdanna engin.

### Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir skíðamiðstöð í Oddskarði með bréfi, þann 30. janúar 2023. Stofnunin gerði þar ekki athugasemdir við skipulagstillöguna en minjavörður Austurlands hafði kynnt sér skipulagssvæðið og var ekki talin þörf á frekari skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja innan þess. Svæðið væri að hluta til raskað vegna þeirrar starfsemi sem þar hefur verið og vegagerðar.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi gögn um menningarminjar á fyrirhuguðu áhrifasvæði ofangreindrar

**Þuríður Elísa**  
**Harðardóttir**  
Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

*framkvæmdar og um áhrif framkvæmdarinnar á þær. Stofnunin telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.:*

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

*Einnig vekur stofnunin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:*

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

*Nánari upplýsingar veitir undirrituð.*

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

*Afrit sent í tölvupósti:*

*Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))*

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. júní 2023  
Málsnúmer: 202305-0053  
SS

**Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við skíðalyftu í Oddskarði.**

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 16. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmdir á skíðasvæði Fjarðabyggðar í Oddskarði eigi að vera háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tilkynnta framkvæmd og telur henni og umhverfisáhrifum hennar gert fullnægjandi grein fyrir í greinargerðinni. Náttúrufræðistofnun telur framkvæmdina og áhrif hennar ekki vera þess eðlis að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum. Helst eru það ásýndar- og landslagsáhrif sem þarf að huga vandlega að og þá sérstaklega við hönnun og framkvæmd á nýjum og stækkuðum byggingum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki aðrar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun  
Bt. Jóns Smára Jónssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is

Dags. 14. júní 2023  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2023-0145

Með erindi dags. 16. maí sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um færslu á skíðalyftu í Oddskarði.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við framkvæmd þessa.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason  
Forstjóri Veðurstofu Íslands